



Viðburðahald í Reykjavík

Guðmundur Birgir Halldórsson

Verkefnastjóri Viðburða



Viðburðateymi Reykjavíkurborgar

- Viðburðateymi hefur yfir umsjón með 6 árlegum borgarhátíðum. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi gestum hátíðanna að kostnaðarlausu.
- Þá er viðburðateymið í tengslum og ráðgefandi samstarfi við aðra viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða anna hátt



Menningarstefna Reykjavíkur

- Að allir íbúar hafi jöfn tækifæri til að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur í listsköpun og sem neytendur lista.
- Sérstaklega er talað um;
 - menningu á öllum æviskeiðum – sérstök klausa um menningu fyrir börn
 - menning og listir í öllum hverfum borgarinnar
 - til viðbótar er talað um að menningarstofnanir og viðburðir Reykjavíkurborgar skulu setja sér umhverfismarkmið og vinna að vistvænum lausnum.



Viðburðadeild - Verkefni

- Vetrarhátíð 3. – 6. febrúar.
- Barnamenningarhátíð 8. – 13. apríl
- Big Bang Festival - 23. apríl
- Þjóðhátíðardagurinn 17.júní
- Menningarnótt 22. ágúst
- Imagine Peace Tower 9. október.
- Aðventuhátíð 1. – 23. desember.

A stylized graphic featuring a dark, pixelated church spire with three arched windows at the top. The spire is centered and extends from the bottom towards the top of the frame. Radiating from the base of the spire are numerous diagonal lines in shades of pink and red, creating a sunburst or starburst effect that fills the background. The lines are thicker near the center and become thinner as they radiate outwards.

MenningarNótt Culture Night

24. ÁGÚST





Markmið Menningarnætur

- að kynna fjölbreytt menningarframboð borgarinnar
- að virkja stofnanir borgarinnar, fyrirtæki og íbúa
- að stuðla að fjölbreytni, frumleika og ýta undir hið óvænta
- að höfða til sem flestra markhópa
- að tryggja aðgengi allra að menningu
- að fagna afmæli Reykjavíkurborgar



Reykjavíkumaraþon







Fjölbreytt Menningardagskrá

- Um 400 viðburðir
- Setning í samstarfi við Þjóðleikhúsið
- Tónaflóð Rásar 2
- Minni útitónleikar víða
- Tónleikar Bylgjunnar í Hljómskálagarði
- Metnaðarfull dagskrá í Hörpu, Iðnó, Hallgrímskirkju, Þjóðminjasafni, galleríum, verslunum og heimahúsum.
- Bílskúrsbönd, flutningur á þremur óperum, spunamaráðun, listahátíð í tilefni af 50 ára höfundarafmæli Þórarins Eldjárn, karnival í Bergstaðastræti, DJ Margeir á Klapparstíg, utandyramót í bekkpressu og gjörningar og listsýningar um alla borg
- Vegleg flugeldasýning klukkan 22:00 en eftir hana er Menningarnótt formlega lokið.





Vöflukaffi í Þingholtunum



Sjö fjölskyldur buðu gestum og gangandi í vöflukaffi á milli kl. 14:00 og 16:00.
Alltaf mjög vinsælt og sumar fjölskyldur verið með frá upphafi.



Menningarnæturpottur Landsbankans

- 75 umsóknir
- 23 einstaklingar og hópar fengu styrki
- Samtals eru veittir styrkir fyrir fjórar milljónir króna frá Landsbankanum
- Stendur til að semja við Landsbankann og jafnvel fleiri fyrir næsta ár
- Upphæðir á bilinu 100-400 þúsund krónur
- Styrkir valdir með tilliti til að auka fjölbreytileika í framboði á menningarviðburðum, ýta undir nýsköpun og passa upp á dreifingu viðburða í miðborginni





Mikilvægi vefþjónustu

 Reykjavík

EN

Mínar síður

Valmynd



Menningarnótt
Culture Night

24. ÁGÚST

Menningarnótt

Dagskrá

Hafa samband

Upplýsingar

Aðgengi

English

Menningarnótt í Reykjavík

Stærsta afmælis- og borgarhátíð Reykjavíkur Menningarnótt verður haldin laugardaginn 24. ágúst 2024. Segja má að hátíðin sé hápunktur sumarsins þar sem skemmtilegir viðburðir lita mannlífið í miðborginni frá morgni til kvölds. Hátíðin er fyrir alla borgarbúa og gesti sem vilja taka þátt í hátíðinni og skemmta sér. Það er orðin hefð hjá mörgum fjölskyldum og vinahópum að mæla sér mót á Menningarnótt og eiga skemmtilegan dag saman.

— [Skoða dagskrá Menningarnætur](#)

 Netspjall

- Heimsóknir á reykjavik.is í síðustu viku voru alls **196.412** sem gerir vikuna þá stærstu frá upphafi mælinga. Stærsti dagurinn var á laugardag þegar heimsóknir voru rétt tæplega **70.000**.
- Síður menningarnætur voru skoðaðar rúmlega **200.000** sinnum og þar af um **30.000** sinnum á ensku.
- Rúmlega **83%** af notendum sem skoða upplýsingar um Menningarnótt gera það í gegnum snjallsíma.



Öryggismál og aðgengismál – Samráðshópur

- Lögregla
- Slökkvilið
- Landspítalinn
- Neyðarlínan
- Félagsmiðstöðvar / Flotinn
- Björgunarsveitir
- Strætó
- Maraþon
- Síma-ver Reykjavíkurborgar
- Öryrkjabandalagið
- Miðborgarathvarfið
- Aðrir eftir atvikum á hverju ári

Menningarnótt 2025 – undirbúningur í fullum gangi



Viðbragðsaðilar samankomnir eftir fund um framkvæmd Menningarnætur 2025



Undirbúningsferli

- Hefst í janúar ár hvert
- Áhersla lögð á samstarf varðandi öryggismál, ungmennastarf, götulokanir, bílastæði, umhirðu, salernismál, rafskútustæði, og að sjálfssöguðu upplýsingagjöf
- Á hverju ári er unnið með lærdóm frá síðustu hátíð og skipulag bætt
- Í byrjun sumars hefst samstarf við hina fjölmörgu viðburðahaldara og þá er byrjað að vinna úr umsóknum í viðburðapott Landsbankans.



Menningarnótt 2025

- Stofnaður var starfshópur til þess að endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkurmaraþons var falið að kanna hvort ástæða væri til að endurskoða fyrirkomulag hátíðarhalds í miðborg Reykjavíkur fyrsta laugardag eftir 18. ágúst, afmælisdag Reykjavíkurborgar.



Tillögur fyrir árið 2025:

- Hlaupaleiðum Reykjavíkurmarabonsins verður breytt. Endamarkið verður fært frá Lækjargötu yfir í Geirsgötu til að auðvelda flæði fólks um Lækjargötu og takmarka umferð þungavinnuvéla sem fylgja frágangi hlaupsins.
- Þar sem einnig eru götulokanir vegna Menningarnætur dagskrár, og auka öryggi almennings og lágmarka óþægindi íbúa í tengslum við aðgengi.
- Dagskrá Menningarnætur mun ljúka formlega klukkustund fyrr en áður. Tónleikar við Arnarhól skuli ljúka með flugeldasýningu kl. 22.00 í stað 23.00.
- Í aðdraganda hátíðarhaldanna verður farið í herferð þar sem forvarnaskilaboðum verður komið vel á framfæri.
- Lagt verður til aukið fjármagn til gæslu og í kynningar sem lið í forvarnarstarfi.



Velkomin á | Welcome to

MenningarNótt CultureNight

23. ÁGÚST



Nánari upplýsingar í síma
411 11 11 og á
www.menningarnott.is

For more information call
+354 411 11 11 or visit
www.culturenight.is

Rautt
Lokað kl. 07.00 – 01.00

Red
Closed kl. 07.00 – 01.00

Fjólublátt
Aðrar lokanir, nánar á
www.menningarnott.is

Purple
Additional closing, more info at
www.culturenight.is

Grænt
Leið Strætóskutlu

Green
Bus shuttle route

Nánar um truflanir á umferð
vegna Reykjavíkummarþons
má finna á www.rmi.is

More information about traffic
disruptions due to the Reykjavik
Marathon at www.rmi.is



Aðgengismál

- Sett var upp sérstakt skynrými fyrir fólk með skynúrvinnsluvanda og var það staðsett í safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Reykjavík. Skynrýmið var opið milli 15:00 til 20:00 og voru fimm einstaklingar sem nýttu sér það.
- Eins og undanfarin ár voru hjólastólapallar fyrir framan sviðið á tónleikunum í Hljómskálagarði og á Arnarhóli til að tryggja aðgengi allra á tónleikunum.
- Bílastæði fyrir fatlað fólk voru staðsett á nokkrum stöðum og var unnið að kynningarmálum í samráði við Aðgengisnefnd fatlaðs fólks í Reykjavík og Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ).



Aðgengi fyrir fatlaða





Samgöngur


- Aukin tíðni og fjöldi ferða hjá Strætó

Sérstakar fríar skutlur sem óku fólki frá bílastæðum í Laugardal og Borgartúni að Hallgrímskirkju

- Eftir 22:00, þegar flugeldasýningu lauk fluttu allir vagnar gesti Menningarnætur úr miðborginni. Vagnarnir söfnuðust saman á Sæbraut. Þar var ekið í öll hverfi á höfuðborgarsvæðinu
- Frítt var í þessar ferðir.



Strætóskutlur á Menningarnótt 2024



Flutningur gesta úr miðborginni á Menningarnótt





Rafskútur á Menningarnótt



Í samráði við rafskútufyrirtækin var hámarkshraði rafskútnanna lækkaður í miðborginni á Menningarnótt, auk þess sem aðeins var hægt að hefja og enda ferðir á ákveðnum stæðum í miðborginni.



Hreinsun miðborgarinnar

Mikilvægur liður á hátíðinni er að sjá til þess að miðborgin sé hrein.

Vaskur hópur starfsfólk hjá borgarumhirðu Reykjavíkurborgar sá um að hirða upp rusl og tæma ruslafötur fljótt og örugglega og voru mörg að vinnu allan sólarhringinn fyrir og eftir hátíðina.

Hreinsunarfólk voru 40 sumarstarfsmenn á Hverfamiðstöð Fiskislóð. Þau sá um að týna rusl frá kl 13:00-23:30. Starfsfólk á Fiskislóð byrjaði að undirbúa fimmtudag og föstudag og var unnið fram á kvöld

Vakt byrjaði aðfaranótt laugardags kl. 03:00 og var unnið á vöktum til hádegis á sunnudag.





Öryggismál

- Viðburðateymi bætti við 6 verktökum í göngugæslu við tónleika Rúv og öðrum 6 í öryggisgæslu á Arnarhóli
- RÚV bætti einnig við níu starfsmönnum í öryggisgæslu við sviðið á Arnarhóli
- Öryggisgæsla var sýnileg og gekk vel að sögn verktaka
- Alls voru 47 á vakt yfir daginn við mannaðar götulokanir og almenna gæslu



Á Menningarnótt var stór hópur af starfsfólki á ferðinni til að veita ungu fólki aðstoð

- Samtals voru um 31 starfsmenn félagsmiðstöðva, 19 frá Reykjavíkurborg og 12 frá öðrum sveitarfélögum að störfum á Menningarnótt.
- Fjórir starfsmenn fylgdu lögregluteymum og félagsráðgjöfum, einn starfsmaður starfaði inni í athvarfi og 26 manns störfuðu á vettvangi í 6 félagsmiðstöðvateymum.
- Starfsfólkið sem var mjög sýnilegt á vettvangi ræddi við ungmenni sem voru í miðborginni og veitti aðstoð þar sem þörf var á.
- Samstarfið við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu gekk afskaplega vel.





Minnisblað vegna Miðbæjarathvarfs á Menningarnótt 23. ágúst 2025

Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (starfsmenn félagsmiðstöðva), miðstöðva velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Miðbæjarathvarfið starfar á grundvelli 92. greinar barnaverndarlaga nr. 80/2002, og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk þess er að stemma stigu við að börn séu eftirlitslaus úti eftir lögboðinn útivistartíma og að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna meðal barna og ungmenna. Á Menningarnótt hefur Barnavernd Reykjavíkur einnig starfað með Miðbæjarathvarfshópnum.

Á Menningarnótt var opið athvarf í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar sem tók á móti börnum og unglingum sem þurftu aðhlynningu. Starfsmenn miðstöðva voru starfandi í athvarfinu ásamt lögreglumönnum og starfsmönnum félagsmiðstöðva. Bakvaktarstarfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur var ekki á staðnum en tilbúinn að koma ef óskað væri eftir því. Einnig voru starfandi 4 gönguhópar, hver þeirra skipaður lögreglumönnum, starfsmönnum miðstöðva og félagsmiðstöðva, hófu þeir störf kl. 15:00 og störfuðu fram á nótt. Til viðbótar voru 2 hópar skipaðir samfélagslögreglu og með þeim störfuðu starfsmenn félagsmiðstöðva og miðstöðva. Þar að auki voru Flotinn, félagsmiðstöðvar borgarinnar og félagsmiðstöðvar nágrannasveitarfélaga með 10 gönguteymi sem fóru um hátíðarsvæði börnum og unglingum til stuðnings.

Þetta árið hófst starfsemin kl 15:00 sem er mun fyrr en áður var. Einnig var mannaflinn tvöfaldaður. Um 70 manns komu að Miðbæjarathvarfsvinnunni þetta árið frá Reykjavíkurborg og nágrannasveitarfélögunum. Ríflega 100 manns á vegum Lögreglunnar voru starfandi á Menningarnótt fyrir utan hefðbundna mönnun. Sinntu þeir ýmskonar verkefnum og stór hópur var í gönguhópum á hátíðarsvæðinu.

Mikill mannfjöldi var í miðborginni og mjög mikið af unglingum sem voru eftirlitslausir. Hópamyndun unglinga var að þessu sinni mest á Ingólfstorgi, Austurstræti við 10-11 og á Lækjartorgi. Kolagatan var upplýst og því var minna af unglingum þar. Lögreglan helti niður miklu af áfengi, þó var töluverð ölvun unglinga en þó aðeins minni en síðustu ár. Nikótínneysla var gríðarlega áberandi meðal ungmenna, veip, nikótínþúðar og tóbaksreykingar. Eins og áður náðu gönguhópar ekki að hafa afskipti af öllum þeim sem hefðu þurft að njóta aðhlynningar í athvarfi. Slagsmál og önnur ofbeldismál voru ekki eins áberandi og var fyrir ári, þó ákveðinn hópur hafi reynt að koma þeim af stað þá náðu starfsmenn að stöðva þá þróun. Vopn voru ekki eins áberandi og síðustu ár.

Það munaði miklu að Menningarnótt hætti klukkustund fyrr. Nokkur hópasöfnun var eftir flugeldasýningu en leystist fljótt upp. Búið var að rýma miðborgina mikið fyrr en síðustu ár.

Í athvarfið komu 22 unglingar, þar af einn sem reyndist vera 18 ára. Þau voru flest ágætlega á sig komin og fá þeirra mikið ölvuð. Nánast öll voru þau á framhaldsskólaaldri. Nokkur ungmenni voru færð upp á lögreglustöð vegna þess að þau vildu ekki segja til sín eða voru ósamvinnuþýð.

Því miður er áfengisneysla ungmenna áberandi á Menningarnótt og þarf að halda áfram að draga úr þeirri þróun. Mikið af framhaldsskólanemum sögðust vera að drekka með samþykki foreldra sinna og jafnvel með áfengi sem þau höfðu útvegað þeim. Bregðast þarf við þessari þróun.

Samstarf þessara fagaðila gekk vel eins og fyrri ár og ljóst að áfram er þörf fyrir samstarf sem þetta á Menningarnótt. Það er mat allra að það hafi reynst vel að hefja vinnuna fljótlega eftir hádegi og leggur hópurinn til að sami háttur verði á starfinu að ári, þ.e. að byrja snemma, halda sama mannafla og að enda hátíðina kl 22:00.

29. ágúst 2025

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Andrea Marel Þorsteinsdóttir, deildarstjóri unglingastarfs Tjarnarinnar
Guðrún Jack, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
Hjörleifur Steinn Þórisson, verkefnastjóri Flotans
Kristján Helgi Þráinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu



Fjármál - áætlun

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara leggur til tæpar 12 milljónir króna
 - Flugeldar kosta um 4 milljónir króna
 - Gæsla kostar einnig um 4 milljónir króna
 - Kynningarmál - um 1,2 milljónir króna en í ár var útlit hátíðarinnar endurhannað sem gerist á nokkurra ára fresti og kostnaður því aðeins hærri en venjulega
- Kostnaður vegna þjónustu hverfamiðstöðvar er áætlaður í kringum 32 milljónir
- Landsbankinn leggur til 4 milljónir króna sem er úthlutað til listafólks og viðburðahaldara í gegnum Menningarnæturpottinn



Takk fyrir!

